

eins árs varðhaldi, og er sök því fyrnd, enda var skýrslutaka af honum fyrir dómi hinn 19. júní 1979 ekki réttarrannsókn í merkingu 2. mgr. 82. gr. almennra hegningarlaga, sem stöðvaði fyrningarfrestinn. Yngsta brotið af þeim fjórum, sem hér er fjallað um, var framið 31. janúar 1978, og fyrntist sök ákærða vegna þess hinn 31. janúar 1980. Samkvæmt þessu ber að sýkna ákærða af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Dæma ber ríkissjóð til greiðslu alls kostnaðar af máli þessu, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Svans Þórs Vilhjálmssonar héraðsdómslögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 1.200.00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Herluf Benny Gruber Clausen, skal vera sýkn af öllum kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Svans Þórs Vilhjálmssonar héraðsdómslögmanns 1.200.00 krónur.

Þriðjudaginn 1. mars 1983

Nr. 89/1981. **Guðbergur Davíð Davíðsson**  
**og Samvinnutryggingar g/t**  
 (Gunnar M. Guðmundsson hrl.)  
 gegn  
**Guðnýju Indriðadóttur**  
**og gagnsök**  
 (Logi Guðbrandsson hrl.).

Bifreiðar. Skaðabætur. Fyrning.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Jónsson og Magnús Thoroddsen og settir hæstaréttardóm-  
 arar Gaukur Jörundsson og Guðmundur Skaftason.

Aðaláfrýjendur skutu máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 14. apríl 1981. Þeir gera þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda og henni gert að greiða þeim málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. maí 1981.

Dómkröfur hennar eru þær, að aðaláfrýjendum verði in solidum gert að greiða henni 21.648.27 krónur með 9% ársvöxtum frá 10. mars 1974 til 1. maí 1976, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31. ágúst 1979, 27% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember 1979, 31% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1981, 34% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982 og 42% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar in solidum úr hendi aðaláfrýjenda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

## I.

Málavöxtum er lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagður nýr útreikningur Þóris Bergssonar tryggingafræðings 15. febrúar 1983 á örorkutjóni gagnáfrýjanda.

## II.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms verður að telja, að krafa gagnáfrýjanda sé ekki fyrnd, nema vextir áfallnir fyrir 14. október 1976.

Ljóst er, að gagnáfrýjandi hefur bæði orðið fyrir fjártjóni og miska vegna slyssins 10. mars 1974.

Eftir atvikum þykir rétt að ákvarða gagnáfrýjanda bætur í einu lagi fyrir fjártjón og miska. Þykja bætur þessar hæfilega ákveðnar 15.000.00 krónur.

Ber aðaláfrýjendum að greiða gagnáfrýjanda þær in solidum ásamt vöxtum, svo sem í dómsorði greinir, enda krafðist gagnáfrýjandi ekki hærrí vaxtafótar í gagnáfrýjunarstefnu.

Eftir þessum málalokum ber að dæma aðaláfrýjendur óskipt til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 12.500.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjendur, Guðbergur Davíð Davíðsson og Samvinnu-

tryggingar g/t, greiði gagnáfrýjanda, Guðnýju Indriðadóttur óskipt 15.000.00 krónur með 13% ársvöxtum frá 14. október 1976 til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 1. desember 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 12.500.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur bæjarþings Reykjavíkur 20. mars 1981.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum máflutningi 13. febrúar sl., er höfðað hér fyrir þinginu með stefnu, birtri 14. október 1980, af Guðnýju Indriðadóttur, Selvogsgrunni 24, Reykjavík, gegn Guðbergi Davíð Davíðssyni, Gláðheimum 24, Reykjavík, og Samvinnutryggingum g/t, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði in solidum gert að greiða henni kr. 21.648.27 með 9% ársvöxtum frá 10. mars 1974 til 1. maí 1976, 13% ársvöxtum frá þeim degi til 21. nóvember 1977, 16% ársvöxtum frá þeim degi til 31. maí 1979, 22% ársvöxtum frá þeim degi til 31. ágúst 1979, 24% ársvöxtum frá þeim degi til 30. nóvember 1979 og 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ.

Stefndu krefjast aðallega sýknu af kröfum stefnanda, en til vara lækkunar að mati dómara. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Sáttaumleitanir dómara báru ekki árangur.

### *Málavextir.*

Sunnudaginn 10. mars 1974 varð mjög harður árekstur á Laugavegi í Reykjavík vestan við eystri gatnamót Höfðatúns. Stefndi Guðbergur Davíð ók bifreið sinni undir áhrifum áfengis á röngum vegarhelmingi beint framán á bifreiðina R 8292, sem stefnandi ók. Áreksturinn hafði í för með sér mikið eignatjón og slys á fólki, sem í bifreiðunum var, og þar á meðal stefnanda, sem hlaut beinbrot á hægri handlegg og högg framán á hálsinn. Bifreið stefnda Guðbergs Davíðs var tryggð lögboðinni ábyrgðartryggingu hjá stefnda Samvinnutryggingum g/t. Enginn ágreiningur er um, að stefndi Guðbergur Davíð hafi einn með akstri sínum borið sök á árekstrinum, og gangast varnaraðiljar við óskoraðri bótaábyrgð, en andmæla kröfu stefnanda sem fyrndri og til vara sem of hárrí.

*Málsástæður og lagarök.*

Stefnandi byggir kröfur sínar á örorkumati Jónasar Hallgrímssonar læknis, sem mat örorku hennar þannig: frá slysinu í 2 mánuði 100%, síðan í 2 mánuði 50% og loks varanleg 5%. Mat læknisins sé dagsett 11. nóvember 1976 og á grundvelli þess hafi Þórir Bergsson tryggingafræðingur reiknað út tjón stefnanda. Niðurstaða hans sé kr. 1.157.000 miðað við 5% árs-  
vexti og sé útreikningur hans dagsettur 15. apríl 1980. Hér sé um að ræða venjulegan og hefðbundinn hátt í slíkum málum og sé öllum kröfum, þar með miskabótakröfu, í hóf stillt. Varanlegar afleiðingar af slysinu komi fyrst og fremst fram í rödd stefnanda og heyrnist, hvenær sem hún mæli orð frá munni. Örorkumat Jónasar Hallgrímssonar læknis hljóði svo:

## „ÖRORKUMAT

fyrir Guðnýju Indriðadóttur, f. 10.07.21, Selvogsgrunni 24, Reykjavík.

Guðný slasaðist í bifreiðaárekstri þann 10. 3. 1974, sbr. skýrslu lögreglunnar í Reykjavík um umferðaslys, dags. sama dag.

Guðný var flutt á slysadeild Borgarspítalans, sbr. vottorð Tryggva Þorsteinssonar, læknis, dags. 19/9 1976, en þar segir svo:

„Þann 10/3 1974, kl. 18.50, kom framangreind Guðný hingað á Slysadeild Borgarspítalans vegna meiðsla, sem hún hafði orðið fyrir í umferðarslysi skömmu áður.

Guðný hafði verið undir stýri á bil sínum og lent í árekstri á Laugavegi í námunda við mjólkurstöðina. Við áreksturinn hafði hún fengið högg framan á hálsinn, og sömuleiðis fékk hún áverka á hæ. handlegg, en hún áttaði sig ekki á því, hvernig það bar til. Hún taldi sig þó ekki hafa misst meðvitund, og þegar hingað kom, hafði hún engin einkenni um heilahristing. Auk verkja í hæ. úlnlið kvartaði Guðný um hæsi og eymsli í koki og fannst hún eiga erfitt með að hósta.

*Skoðun:*

Skoðun á hæ. handlegg benti til brots á framhandlegg (fract. Collesi), og röntgenmynd leiddi í ljós þverfracturu í gegnum fremsta hluta geisla-beins með dálítilli skekkju, og auk þess var brot í gegnum fremsta hluta á ölnarbeini.

Gert var að brotinu í deyfingu (plexus brachialis deyfingu), og fékkst góð brotstaða um úlnliðinn. Voru settar á gipsumbúðir og auk þess fetill, og átti konan að ganga áfram til eftirlits með handleggsbrotið á Slysadeild Borgarspítalans.

Kallað var á sérfræðing frá Háls- nef og eyrnadeild til að rannsaka betur hugsanlegt meiðsli á raddböndum. Raddböndin hreyfðust nokkuð

eðlilega, en þau voru bólgin og talsverður bjúgur á stæðinu aftan við þau. Gekk konan síðan áfram til eftirlits hjá sérfræðingum á Háls- nef og eyrnadeild.

Þann 26/3 var ennþá nokkur bjúgur á hæ. raddbandi, og talsvert mikil eymsli voru áfram yfir barkakýlinu að framan, mest hæ. megin.

Þann 9/4 kom konan til eftirlits vegna handleggsbrotsins, og sýndi röntgen góða brotstöðu, og voru settar nýjar gipsumbúðir á handlegginn.

Þann 19/4 var gips fjarlæggt, og átti konan nú að fara að hreyfa sig meira.

Röntgenmynd af hæ. handlegg þ. 3/5 sýndi, að brotið var gróið, og leit handleggurinn vel út.

Þann 17/5 var talsverður stirðleiki áfram í fingrum og viss eymsli um úlnlið, og var konan nú sett í æfingameðferð á Háaleitisbraut 13.

Þann 20/5 kom konan til sérfræðinga á Háls- nef og eyrnadeild, og hafði hún ennþá óþægindi frá hálsi, sem lýstu sér sem þrengslatilfinning, og sömuleiðis fannst henni hún þreytast fljótt, ef hún talaði.

Síðast kom konan á Slysadeildina hinn 31/5, og var hún þá í góðri framför, en átti að halda áfram æfingameðferð.

Guðný mun hafa komið á Háls- nef og eyrnadeildina þann 9/10 1975. Hafði hún þá ennþá óþægindi frá hálsinum, sagðist þreytast mjög, ef hún talaði eitthvað, og kvartaði einnig um óþægindi við barkakýlið.

Guðný hefur ekki komið til eftirlits á Slysadeild eftir þetta, en ég geri mér vonir um, að hún hafi þegar náð sér fyllilega eftir brotið á úlnliðnum, þótt ekki liggi fyrir upplýsingar, hvenær það muni hafa orðið.

Hvað snertir einkennin frá raddböndunum, vísast til sérfræðinga á Háls- nef og eyrnadeild (Ólafur Bjarnason), sem mun gefa nánari upplýsingar, ef óskað er eftir.

Vottorð þetta er skrifað að beiðni hr. hrl. Loga Guðbrandssonar, og er stuðzt við upplýsingar í sjúkraskrá Guðnýjar í Slysadeild Borgarspítalans í Reykjavík."

Vegna áverka á hálsi var Guðnýju vísað til Háls- nef og eyrnadeildar Borgarspítalans, sbr. vottorð, dags. 18/3 1976, en þar segir svo:

„Þessi sjúkl. kom á Slysadeild Bsp. hinn 10.3.74, kl. 18.50, hafði þá lent í bílaárekstri á Laugavegi, þannig að keyrt var á bifreið hennar, sem hún ók sjálf. Við komu á Slysadeildina var ég undirritaður bedinn að líta á sjúkl. vegna kvartana frá hálsi, þ. e. a. s. hæsi og eymsli í hálsi og barka og særindum við kyngingu og hósta. Hún telur sig hafa fengið högg framan á barkakýlið og barkann og kvartar mikið um eymsli í barkakýlinu, þegar hún talar. Við skoðun eru greinileg eymsli yfir barka-

kýlisbrjóskinu, en það eru engin merki um brot á barkakýlisbrjóskinu. Við raddbandaspeglun sást, að bæði raddbönd hreyfðust, það var mikill bjúgur á raddböndunum báðum megin, sérstaklega aftantil, á svokölluðu ary-tenoid svæði.

Þar sem sjúkl. hafði enga öndunarörðugleika, var henni ráðlögð raddhvild og ráðlagt að anda að sér gufu 4 - 5 sinnum á dag.

Sjúkl. kom síðan aftur í eftirlit 12.03.74, eða tveim dögum síðar, var ástandið þá heldur verra, átti sjúkl. erfiðara með að tala, en hafði ekki neinn öndunarörðugleika. Við raddbandaspeglun kom í ljós, að talsvert mikill bjúgur var innan á öllu barkakýlinu, og sömuleiðis kom mar í ljós innan á allri barkakýlisslimhúðinni, hæ. raddbandið hreyfðist mun minna en það vi., sennilega vegna bjúgs. Ráðlögð áframhaldandi alger raddhvild. Síðan kom sjúkl. aftur í eftirlit hinn 26.03.74, var þá rödd orðin mun betri, en sjúkl. kvartaði stöðugt um særindi í barkakýli, einkum við tal. Raddbandaspeglun sýnir góða hreyfingu á báðum raddböndum, ennþá þó nokkur bjúgur til staðar og stöðugt mikil eymsli yfir barkakýlisbrjóski. Ráðlögð áframhaldandi sama meðferð og áður. Sjúkl. kom síðan enn í eftirlit á HNE-deildina hinn 20. maí 1974 og kvartaði enn um hæsi og þreytist mjög fljótt í röddinni, ef hún talar eitthvað að ráði. Segist alltaf hafa eins og stirðleika eða þrengslatilfinningu í kringum barkakýlið, aðallega hæ. megin. Raddbandaskoðun sýnir góða hreyfingu á báðum raddböndum, allur bjúgur og mar er nú runnið af slimhúðinni, og nú sést smá deformitet á falska raddbandi hæ. megin, og sömuleiðis virðist ary-tenoidbrjóskið hafa færst eitthvað úr sínum venjulega stað, sennilega orðið liðhlaup þar. Engin sérstök meðferð ráðlögð. Sjúkl. kemur síðan í skoðun hinn 09.10.75, og er það í síðasta skiptið, sem ég hef séð sjúkl. Segir þá sjúkl., að röddin sé orðin mun betri, en aftur á móti þreytist hún alltaf mjög mikið í hálsinum, einkum ef hún talar eitthvað að ráði, og segist stundum fá verk í barkakýlið. Í þriðja lagi kvartar hún um mikið slím, sem sest í hálsinn, sem hún ekki hafði fyrir slysið. Raddbandaspeglun sýnir, að enginn bjúgur er í barkakýli, og bæði raddböndin hreyfast vel, það er eins og áður smá skekkja á hæ. raddbandi og ary-tenoidbrjóski, sem er örliðið ýtt til vi. og hefur sennilega gengið úr skorðum við slysið. Engin sérstök meðferð ráðlögð. Reikna má með, að sjúkl. komi til með að hafa alltaf einhver smá óþægindi frá barkakýli, aðallega ef hún þarf að reyna mikið á röddina, en þá munu meiðslin sennilega segja til sín með verkjum og litlu úthaldi. Ekki eru ráðlagðar neinar aðgerðir, þar sem að rödd sjúkl. er það góð og vafasamt, hvort nokkur frekari bati náist við það.“

Guðný kom til undirritaðs þ. 28/4 1976. Hún segist vera fædd holgóma. Vör og tanngarður voru heil en gómurinn klofinn, og var gert við hann

af prófessor Guðmundi Thoroddsen. Enda þótt það heyrir á mæli hennar, að hún hafi verið fædd holgóma, segist hún hafa mjög gaman af að tala. Hún þreystir við að tala og segist slefa mikið og vill slefan leka út úr henni. Hún segist alltaf vita af hálsinum. Rödd hennar hefur breytt að allra dómi. Guðný handleggsbrotnaði í slysinu, og var hún nokkurn tíma í gipsi, en segist nú vera orðin að mestu jafngóð. Fyrst á eftir slysið átti hún erfitt með að stunda heimilisstörf sín.

Rödd Guðnýjar ber þess merki, að hún er holgóma, en einnig ber eitt-hvað smávegis á hæsi, sem má vera, að stafi af slysinu, og verður ekki rengt það, sem hún segir varðandi málfar sitt.

#### *Niðurstaða:*

Guðný hefur hlotið tímabundna og varanlega örorku af slysinu. Byggist varanlega örorka á raddbreytingu, sem veldur henni stöðugum óþægindum. Örorka Guðnýjar er sem hér segir:

Frá slysinu í 2 mánuði 100%

Síðan í 2 mánuði 50%

Loks varanleg örorka 5%

Jónas Hallgrímsson“

Í framhaldi af örorkumati læknisins hafi lögmaður stefnanda leitað til Þóris Bergssonar, cand. act., sem hafi á grundvelli matsins reiknað út örorkutjón stefnanda sem hér segir:

„Hr. Logi Guðbrandsson, hrl.,  
Túngötu 5,  
Reykjavík.

#### *Útreikningar.*

Örorkutjón Guðnýjar Indriðadóttur, Selvogsgrunni 24, Reykjavík,  
vegna slyss 10. mars 1974.

#### *Slysið og afleiðingar þess.*

Guðný Indriðadóttir slasaðist 10. mars 1974, er bill, sem hún ók, lenti í árekstri við annan bíl.

Við áreksturinn brotnuðu bæði geisla- og ölnarbein hægri handlegs, en auk þess fékk hún högg framan á hálsinn.

Í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar, læknis, sem dagsett er 11. nóvember 1976, segir, að varanlega örorkan byggist á „raddbreytingu, sem veldur henni stöðugum óþægindum.“

*Örorkumat.*

Læknirinn metur örorku Guðnýjar vegna afleiðinga slyssins þannig:

„Frá slysinu í 2 mánuði 100%

Síðan í 2 mánuði 50%

Loks varanleg 5%“

*Aldur.*

Guðný er sögð fædd 10. júlí 1921 og hefur því verið 52 ára á slysdegi.

*Áætlun tekna og tekjutaps.*

Guðný er gift og sér um heimili sitt og manns síns. Á heimilinu mun vera eitt barn, fætt 17. ágúst 1965, auk hjónanna.

Hún mun ekkert hafa unnið utan heimilis undanfarin ár. Ég mun áætla vinnuframlag hennar á heimilinu til tekna samkvæmt venju, þannig:

Til grundvallar eru lagðar dagvinnutekjur samkvæmt lágsta lðjutaxta með fullri starfsaldurshækkun. Þar til barnið nær u. þ. b. 20 ára aldri, er gert ráð fyrir 90% af þessum tekjum, en síðan 75%.

Þannig áætlaðar tekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað tekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega tapið sé 5% af áætluðum tekjum frá slysdegi og tímabundna tapið sá hundradshluti af þeim, sem örorkumat læknisins segir til um - að frádrægnum 5%

	<i>Áætlaðar tekjur</i>	<i>Áætlað vinnutekjutap Tímabundið:</i>	<i>Varanlegt:</i>
1. árið eftir slysið	kr. 397.254	kr. 97.442	kr. 19.863
2. árið eftir slysið	— 532.075		— 26.604
3. árið eftir slysið	— 698.997		— 34.950
4.—11. árið eftir slysið	— 787.244		— 39.362
12. árið eftir slysið	— 721.641		— 36.082
Síðan árlega	— 656.037		— 32.802

*Verðmæti vinnutekjutaps.*

Við útreikning verðmætis tekjutaps hafa verið notaðar tvær mismunandi forsendur um vexti.

*Forsenda I.* Notaðir eru 9% ársvextir frá slysdegi til frambúðar.

*Forsenda II.* Frá slysdegi til 15. júlí 1974 eru notaðir 9% ársvextir og síðan 13% til frambúðar.

Verðmæti tekjutaps reiknast mér nema á slysdegi:

	<i>Forsenda I:</i>	<i>Forsenda II:</i>
Vegna tímab. örorku	kr. 96.270	kr. 96.270
Vegna varanl. örorku	— 290.623	— 231.840
Samtals	kr. 386.893	kr. 328.110

*Frádráttur.*

1. Ekki hefur verið athugað, hver er eðlileg lækkun verðmætis tekjutaps vegna skattfrelsis bóta - ef þá á að gera hana.
2. Guðný átti sem ökumaður samkvæmt örorkumatinu rétt á dagpeningum frá Tryggingastofnun ríkisins, en mun ekki hafa notað þann rétt.

*Reiknigrundvöllur.*

Áður er rætt um vexti. Við útreikninginn hafa verið notaðar dánarlíkur kvænna samkvæmt reynslu árána 1966 - 1970 og líkur fyrir missi starfsorku í lífanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.

Virðingarfyllst

Þórir Bergsson“

Að fengnum þessum gögnum hafi váttryggjanda bifreiðarinnar R 1673, stefnda Samvinnutryggingum g/t, verið ritað kröfubréf, dags. 19. janúar 1977, þar sem krafa hafi verið gerð um skadabætur og byggt hafi verið á forsendum tryggingafræðingsins, sem miðaðist við 9% ársvexti frá slysdagi til frambúðar, auk kröfu um kr. 600.000 í miskabætur. Málssókn þessi þó reynst óumflýjanleg, en áður hafi lögmaður stefnanda fengið nýjan útreikning á örorkutjóni stefnanda og hljóði hann þannig:

„Reykjavík, 15. apríl 1980.

*Nýir útreikningar.*

Örorkutjón Guðnýjar Indriðadóttur, Selvogsgrunni 24, Reykjavík, vegna slyss 10. mars 1974.

Örorkutjón þetta hef ég tvívegis reiknað út áður, síðast með endurútreikningi, dagsettum 18. sept. 1978. Síðan hafa kauptaxtar almennt meira en tvöfaldast. Þér óskið því nýrra útreikninga svo og vegna þess, að óvissa ríkir um, hvaða vaxtagrunn skuli nota við ákvörðun bóta.

Ég mun hér taka upp allt, sem máli skiptir og óbreytt er úr fyrstu útreikningum mínum, dagsettum 4. des. 1976, og vænti þess, að það verði til þæginda fyrir þá, sem um málið fjalla.

*Slysið og afleiðingar þess.*

Guðný Indriðadóttir slasaðist 10. mars 1974, er bíll, sem hún ók, lenti í árekstri við annan bíl.

Við áreksturinn brotnuðu bæði geisla- og ölnarbein hægri handlegs, en auk þess fékk hún högg framan á hálsinn.

Í örorkumati Jónasar Hallgrímssonar, læknis, sem dagsett er 11. nóvember 1976, segir, að varanlega örorkan byggist á „raddbreytingu, sem valdi henni stöðugum óþægindum.“

#### Örorkumat.

Læknirinn metur örorku Guðnýjar vegna afleiðinga slyssins þannig:

„Frá slysinu í 2 mánuði 100%

Síðan í 2 mánuði 50%

Loks varanleg 5%“

#### Aldur.

Guðný er sögð fædd 10. júlí 1921 og hefur því verið 52 ára á slysdegi.

#### Áætlun tekna og tekjutaps.

Guðný er gift og sér um heimili sitt og manns síns. Á heimilinu mun vera eitt barn, fætt 17. ágúst 1965, auk hjónanna.

Hún mun ekkert hafa unnið utan heimilis undanfarin ár. Ég mun áætla vinnuframlag hennar á heimilinu til tekna samkvæmt veltu, þannig:

Til grundvallar eru lagðar dagvinnutekjur samkvæmt lægsta lögjótaxta með fullri starfsaldurshækkun. Þar til barnið nær u. þ. b. 20 ára aldri, er gert ráð fyrir 90% af þessum tekjum, en síðan 75%.

Þannig áætlaðar tekjur eru sýndar í næstu töflu. Þar sést einnig áætlað tekjutap, þegar gert er ráð fyrir, að varanlega tapið sé 5% af áætluðum tekjum frá slysdegi og tímabundna tapið sá hundraðshluti af þeim, sem örorkumat læknisins segir til um, að frádregnum 5%.

	Áætlaðar tekjur:	Áætlað tekjutap Tímabundið:	Varanlegt:
1. árið eftir slysið	397 þús. kr.	97. þús. kr.	20 þús. kr.
2. árið eftir slysið	532 þús. —		27 þús. —
3. árið eftir slysið	700 þús.—		35 þús. —
4. árið eftir slysið	1.038 þús. —		52 þús. —
5. árið eftir slysið	1.609 þús. —		80 þús. —
6. árið eftir slysið	2.284 þús. —		114 þús. —
7. -11. árið eftir slysið	2.843 þús. —		142 þús. —
12. árið eftir slysið	2.606 þús. —		130 þús. —
Síðan árlega	2.369 þús. —		118 þús. —

#### Verðmæti tekjutaps.

Verðmæti tekjutaps reiknast mér nema á slysdegi í þúsundum króna:

	5%	7%	9%	9 og 13%
Ársvextir	5%	7%	9%	13%
V/tímab. örorku	97	97	96	96
V/varanl. örorku til 1.-3.1980	260	242	225	200
V/varanl. örorku síðan	800	642	521	357
Samtals	1.157	981	842	653

### Athugasemd.

Að gefnu tilefni legg ég áherslu á, að í útreikningunum er vinnutekjutap áætlað samkvæmt hreinu læknisfræðilegu mati á örorku, en slíkt mat er ótryggur mælikvarði á raunverulegt vinnutekjutap, og getur þá verið um að ræða of- eða vanmat.

### Frádráttur.

1. Ekki hefur verið athugað, hver sé eðlileg lækkun verðmætis tekjups vegna skattfrelsis bóta — ef þá á að gera hana.
2. Guðný átti sem ökumaður samkvæmt örorkumatinu rétt á dagpeningum frá Tryggingastofnun ríkisins, en mun ekki hafa notað þann rétt.

### Reiknigrundvöllur.

Um vexti er rætt í fylgiskjali. Við útreikningana hafa verið notaðar dánarlíkur íslenskra kvenna samkvæmt reynslu árána 1966—1970 og líkur fyrir missi starfsorku í lifanda lífi samkvæmt sænskri reynslu.

Virðingarfyllt

Þórir Bergsson“

Með útreikningi þessum hafi fylgt svohljóðandi skjal: „ÞÓRIR BERGSSON, can. act.

### Um vaxtaforsendur og vexti af bótafé.

Sú regla virðist hafa gilt hérlendis, að við útreikninga skaðabóta — slysdagsverðmætis taps — skyldu notaðir vextir af almennum spariinnlánum. Þetta hefur verið gert einnig eftir að tvímælalaust var, að í þessum vöxtum var fólgin verulegur verðþensluþáttur. Þó hafa ekki verið notaðir hærri útreikningsvextir en 13% á ári. Nú er bankastjórn Seðlabankans farin að kljúfa heildarvexti í grunnvexti og verðbótaþátt, en í lögum nr. 13/1979 segir m. a.: „Vaxtaákvæðanir á árunum 1979 og 1980 skulu við það miðaðar, að fyrir árslok 1980 verði í áföngum komið á verðtryggingu sparifjár og inn- og utlána.“

Grunnvextir af almennum spariinnlánnum eru nú sagðir 5%, en þar sem

þeir eru eftirágreiddir, tákna það á verðbólgu tímum verulega lægri raunvexti — hvort sem verðbólguþátturinn er jafn verðþenslunni eða lægri en hún. Þar til úrskurður dómstóla fæst um, hvaða vexti ber að nota, mun ég gera útreikninga miðað við minnst fjórar mismunandi vaxtaforsendur, þ. e.: 5%, 7%, 9% og 13% ársvexti. Hafi slys eða líkamsmeiðing orðið fyrir 15. júlí 1974, nota ég þó í síðustu tveimur tilvikunum gildandi innlánsvexti fyrir þann tíma.

Þegar slysdagsupphæð bóta vegna vinnutekjutaps hefur verið ákveðin, er eftir að úrskurða, hvaða vexti beri að greiða af þeirri upphæð frá slysdegi til greiðsludags. Min skoðun er sú, að upphæðinni beri að skipta í tvo hluta og nota mismunandi vexti á hvorn þeirra. Annar hlutinn yrði verðmæti þess taps, sem áætlað er, að verði eftir að síðasta launahækkun af verðbólguástandum átti sér stað eða er væntanleg og þekkt. Á þennan hluta getur ekki verið réttmætt að nota aðra vexti en talið er rétt að nota við útreikninga á slysdagsverðmæti þessa taps, þ. e. þá vexti, sem notaðir hafa verið til að reikna þetta hreina framtíðartap niður til slysdags. Á hinn hlutann — sem almennt er verðmæti tímabundna tapsins, sem áætlað er, að hafi orðið frá slysdegi til síðustu launahækkunar — er að mínu viti enn sem komið er eðlilegra að nota heildarvexti (grunnvexti + verðbólguþátt), eins og þeir hafa verið á hverju tímabili frá slysdegi til greiðsludags. Ég segi enn sem komið er, vegna þess að verðbólguþátturinn er ennþá fjarri því að vega á móti ríkjandi verðbólgu. Fari verðbólguþáttur að nálgast fulla verðtryggingu, þarf endurskoðunar við.

Það, sem hér hefur verið sagt, beinist einungis að bótum vegna taps á vinnutekjum. Hvernig ákveða ber vexti af miskabótum, tel ég alveg undir því komið, hvort miskabótaupphæðin miðast við verðgildi íslensku krónunnar á slysdegi eða úrskurðardegi. Hið síðarnefnda mun vera regla og ætti því ekki að nota hærri vexti á þá upphæð frá slysdegi til úrskurðardags en grunnvexti.

Reykjavík, 1. sept. 1979

Þórir Bergsson “

Lögmaður stefnanda hefur lagt áherslu á það, að þótt dregist hafi að stefna málinu fyrir dómstólinn, sé ekki um fyrningu að ræða. Fyrningarfrestur byrji ekki að líða, fyrr en örorkumat hafi legið fyrir, þ. e. í nóvember 1976, en í 78. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 sé upphaf fyrningarfrests miðað við lok þess almanaksárs, sem kröfuhafi hafi fengið vitneskju um kröfu sína og hafi átt þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Þannig hefjist fyrningarfrestur í þessu máli 1. janúar 1977 og standi í fjögur ár og

ljúki því í árslok 1980 og hafi málinu því verið stefnt í tæka tíð. Máli sinu til stuðnings hefur stefnandi bent á dóm Hæstaréttar 12. janúar 1976.

Um efni fjárkröfu stefnanda bendir lögmaðurinn einnig á það, að dómvenja sé í skaðabótamálum að leggja til grundvallar slíkum kröfum örorkumót lækna, sem séu læknisfræðileg, en ekki fjárhagsleg. Fjöldi dóma sé til um örorku, þar sem sannað hafi verið og upplýst, að um meiri tekjur hafi verið að ræða hjá tjónþola eftir slys en fyrir það. Það sé ekki sá mælikvarði, sem lagður sé á hér á landi, heldur læknisfræðilegt mat.

Lögmaður stefndu reisir sýknukröfuna á því, að allar bótakröfur af hálfu stefnanda hafi verið fyrndar, þegar málið var höfðað, sbr. 78. gr. umferðarlaga. Upplýst sé, að meiðslum stefnanda hafi verið þannig hátað, að hún hafi getað haft uppi bótakröfur tiltölulega fljótt eftir slysið, þar sem hún hafi vitað um afleiðingar þess þegar á árinu 1974. Í síðasta lagi hafi hún gert sér grein fyrir afleiðingum slyssins í október 1975, þegar hún hafi fengið lokavottorð og endanlegum læknisafskiptum hafi lokið af stefnanda. Í árslok 1975 hafi fyrningarfrestur því í síðasta lagi hafist og lokið í árslok 1979 að fjórum árum liðnum. Ljóst sé, að ekki megi við það miða, að hinn slasaði dragi sjálfur að fara til lækni meðferðar, heldur verði að gera ráð fyrir, að hann leiti lækninga með eðlilegum hætti. Það megi ekki vera á valdi tjónþola, hvenær fyrningartími hefjist, heldur verði að miða við almennar reglur í því sambandi.

Varakröfu sína um lækkan á kröfum stefnanda styður lögmaður stefndu þeim rökum, að upplýst sé í málinu, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, heldur hafi hún verið metin með 5% varanlega örorku vegna óþæginda, er hún þreytist við að tala. Einfalt sé að benda á það, að slík óþægindi hverfi, ef stefnandi tali minna. Hitt sé og augljóst, að ekkert fjárhagstjón sé um að ræða og sé hér því um hreint læknisfræðilegt mat, sem byggt sé alfarið á fullyrðingum stefnanda um breytingu á rödd sinni. Mjög óeðlilegt sé, að dómstólar fari eftir læknisgögnum, sem ekkert fjalli um fjárhagslegt tjón, og þess beri að minnast, að örorkumat læknis sé matsgerð og verði að meta eins og aðrar matsgerðir í dómsmálum. Mat á örorku hljóti að verða að byggjast á mati á því, hvað starfsorka hafi skerst eða hvort meiðsl séu fallin til þess að skerða starfsorku. Þess vegna sé víst, að hér sé ekki um neina örorku að ræða í réttum skilningi orðsins, þar sem starfsorka stefnanda hafi í engu skerst, né heldur sé þreytan í hálsi stefnanda til þess fallin að skerða starfsorku hennar. Stefnandi sé húsmóðir á litlu heimili og hæfni hennar til húsmóðurstarfa tengist á engan hátt rödd hennar. Færa megi rök fyrir hinu gagnstæða, að þá gangi slík störf best, þegar húsmóðirin tali fæst. Hér sé því aðeins um miska að ræða, þ. e. ófjárhagslegt tjón að frátöldum þeim tíma, sem stefnandi var að ná sér af handlegsbrotinu.

*Niðurstaða.*

Samkvæmt vottorði Olafs Bjarnasonar lækni á háls-, nef- og eyrnadeild Borgarspítalans kom stefnandi í skoðun þangað síðast hinn 9. október 1975. Sagði stefnandi þá, að rödd hennar væri orðin mun betri, en hún þreytist aftur á móti alltaf mjög mikið í hálsinum, einkum ef hún tali eitthvað að ráði, og stundum fái hún verk í barkakýlið auk þess sem hún fái slím, sem festist í hálsinn. Læknirinn sá með speglun eins og áður skekkju á hægra raddbandi og brjóska, sem hafi verið ýtt til vinstri og hafi sennilega gengið úr skorðum við slysið. Engin sérstök meðferð var ráðlögð. Læknirinn taldi í vottorði sínu, að stefnandi kæmi til með að hafa alltaf einhver smáþægindi frá barkakýli, aðallega ef hún þyrfti að reyna mikið á röddina, en þá muni meiðslin sennilega segja til sín með verkjum og litlu úthaldi. Vottorð sitt ritaði læknirinn 18. mars 1976, og eftir það hinn 28. apríl 1976 leitaði stefnandi til Jónasar Hallgrímssonar lækni, sem mat örorku hennar. Ekki verður talið, að óeðlilegur dráttur hafi orðið á því, að stefnandi leitaði álits þessara sérfræðinga og meðferðar þeirra. Samkvæmt 78. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 hefst fyrningarfrestur bótakrafna sem þessarar við lok þess almanaksárs, sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Eins og komið var, verður ekki talið, að stefnandi hafi fyrr átt slíkan kost, og telst fyrningarfrestur því hefjast í árslok 1976, og var krafa stefnanda því ófyrnd við birtingu stefnu hinn 14. október 1980.

Föst dómvenja hefur myndast um það að leggja lækniþægilegt mat á örorku til grundvallar mati á tekjutapi í skaðabótamálum, og skiptir þá ekki máli, þótt sannað sé, að tjónþoli hafi meiri tekjur eftir slys en fyrir það. Forsenda slíks lækniþægilegs örorkumats er þó sú, að meiðslin séu fallin til þess að skerða starfsorku aðiljans. Við slíkt mat er margt að athuga, og er t. d. ekki með öllu ljóst, hvað sé til þess fallið að skerða starfsorku. Hins vegar byggist dómvenjan á notkun ákveðinna lækniþægilegra röksemda um örorku, og verður því að telja, að leiða þurfi lækniþægileg rök gegn slíku mati, ef því á að hnekkja. Stefndu hafa ekki leitast við það. Ekki verður fallist á það með stefndu, að stefnandi geti sjálf haldið óþægindum af slysinu í skefjum með því að tala minna og að þá gangi húsmóðurstörfin einnig best. Beiting raddarinnar er slíkt grundvallaratriði í húsmóðurstörfum, að fallast ber á mat læknisins, að stefnandi hafi hlotið varanlega örorku vegna þessara óþæginda, en um tímabundna örorku er ekki deilt.

Þegar litið er til slyssins, sem stefnandi varð fyrir, mat lækni á örorku hennar, útreiknings tryggingafræðings á örorkutjóni hennar vegna tímabundinnar og varanlegrar örorku og krafna hennar í málinu, telur dómari rétt eftir atvikum að ákveða bætur til stefnanda fyrir fjártjón með kr. 6.000.00. Er þá tekið mið af útreikningi tryggingafræðings, sem miðar við

9% ársvexti, og tekið tillit til hagræðis eingreiðslu og skattfrelsis bóta. Þá þykja miskabætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 9.000.00. Niðurstaða verður því sú, að stefndu verður gert að greiða stefnanda kr. 15.000.00 ásamt vöxtum. Lögmaður stefndu hefur sérstaklega mótmælt vaxtakröfu stefnanda og krafist þess, að vaxtafótur verði ákveðinn hinn sami af bótum og í örorkutjónsútreikningi. Ýmis rök fyrir þesari kröfu stefndu koma fram í gögnum tryggingafræðings um vaxtaforsendur og vexti af bótafé, sem fylgja kröfu stefnanda. Rétt þykir miðað við útreikning á örorkutjóni stefnanda hinn 15. apríl 1980 að dæma 9% ársvexti fram að þeim tíma, en frá þeim tíma almenna sparisjóðsvexti samkvæmt dómvenju í skaðabótamálum.

Vegna fyrningarkröfu stefndu dæmist upphafstími vaxta 14. október 1976 skv. 2. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905. Eftir þessari niðurstöðu verður stefndu einnig gert að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 4.000.00.

Garðar Gíslason borgardómari kvað upp dóminn.

#### D ó m s o r ð:

Stefndu, Guðbergur Davíð Davíðsson og Samvinnutryggingar g/t, greiði in solidum stefnanda, Guðnýju Indriðadóttur, kr. 15.000.00 með 9% ársvöxtum frá 14. október 1976 til 15. apríl 1980 af gkr. 1.500.000, en með 31% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 4.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dómsins að viðlagðri aðför að lögum.